



Photo: www.norden.org

## Ráðstefna og málþing um jafnrétti - Færeyjum

### Hver gerir hvað?

### Kynskiptur vinnumarkaður og verkaskipting á heimilum

Norðurlandahúsið, Þórshöfn, 27. og 28. maí 2014

Hver eru áhrif kynskipts vinnumarkaðar og verkaskiptingar á heimilum á jafnrétti? Hvers vegna gegna færri karlar en konur umönnunar- og uppeldisstörfum? Hvers vegna nýta færri karlar rétt til foreldra- og fæðingarorlofs? Taka karlar jafnan þátt í heimilisstörfum eða vinna konur frekar hlutastörf til að láta hlutina ganga upp? Hver ber ábyrgð á jafnrétti á vinnumarkaði og inn á heimilum? Er hugað að kynjasjónarmiðum á vinnumarkaði í dreifðum byggðum? Þetta eru meðal spurninga sem leitað verður svara við í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn 27. maí.

Fræðimenn og sérfræðingar á Norðurlöndunum munu halda fyrirlestra á ráðstefnunni og sérstakar umræður fara fram. Niðurstöður verkefnisins um *Hlutastörf á Norðurlöndunum* verða kynntar og upplýsingar veittar um verkefnið í heild sinni, sem halda mun áfram út árið 2014.

Þann 28. maí verður haldið málþing um kyn, pólitík og jafnrétti. Um hundrað ár eru liðin frá því konur á Norðurlöndunum fengu kosningarétt. Fjallað verður um áhrif kosningaréttar á jafnréttisumræðuna. Rætt verður um leiðir til að auka hlut karla í jafnréttisumræðunni og framtíðarstefnumótun í jafnréttismálum. Meðal þátttakenda á málþinginu verða norrænir fræðimenn ásamt fólki úr stjórnmálum.

### Taktu þátt í umræðu um hefðir, framkvæmd og ábyrgð!

Viðburðurinn er hluti af formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014. Velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa sjá um skipulagningu í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina.

Nánari upplýsingar veitir Jafnréttisstofa  
Netfang: [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is) / Sími: 460 6200

### [Skráning – HÉR!](#)

Viðburðurinn fer að mestu fram á norrænni tungu



MINISTRY OF WELFARE



norden

Nordisk ministerråd

  
Jafnréttisstofa



VINNUMÁLARÁÐIÐ  
Ministry of Trade and Industry